

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um verzlunarsamning milli Danmerkur og Spánar.* — Þjer hafið herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 15. júlí þ. á. óskað þess, að ráðgjafinn vildi láta í ljósi, hvaða þýðingu verzlunar og skipaferðasamningur sá milli Danmerkur og Spánar, sem kunngjörður var 20. jan. þ. á. hafi fyrir Ísland, og er þessi fyrirspurn risin af umræðum, sem urðu næstl. sumar í neðri deild alþingis.

Fyrir því undanfellið ráðgjafinn ekki, eptir að skrifazt hefir verið á við utanríkisstjórnina um þetta málefni, þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar hið eptirfylgjanda.

Þegar samningur þessi kom til tals 1871 millum Danmerkur og Spánar var fyrst lögð til grundvallar uppástunga, sem einnig náði til útlanda (bilande) og nýlenda beggja ríkjanna. Það kom þá brátt í ljós, að ástand nýlendanna fyrir handan hafið og einkum skipulag það, sem kynni að koma á verzlunarsamgöngur millum St. Thomas og Portorico mundi seinka fyrir samningnum, og því varð niðurstaðan sú, að takmarka samninginn þannig, að hann næði að eins til verzlunar og siglinga milli aðallandanna, eins og komið er að orði í 12. gr. samningsins, en jafnframt var áskilið, að gjörður skyldi sjerstakur samningur, að því er útlöndin og nýlendurnar snerti.

Eigi að síður eru þær ákvarðanir sumar hverjar í samningnum, sem segja má um, að þær einnig snerti Ísland. Þannig mega íslenzk skip óefað, samkvæmt 11. grein samningsins njóta hinna sömu rjettinda og hlynninda, og veitt eru skipum þeim, sem gjörð eru út úr dönskum höfnum, eins og einnig íslenzkar vörur, ef þær eru fluttar til Spánar á dönskum skipum, felast í orðatiltækjum þeim, sem höfð eru í 2. grein; þá getur heldur enginn efi leikið á því, að orðin í 1. og 8. grein: «þegnar samnings-gjöranda» einnig ná til Íslendinga, og að einkum hin síðarnefnda grein er til verndar íslenzkum iðnaði, iðnaðaruppdráttum og fyrirmyndum í konungsríkinu Spán.

Þótt nú þannig ekki hafi verið nein ástæða til að gjöra skipun á verzlunarviðskiptum Íslands við Spán í samningi, sem að eins snertir aðallöndin, og þótt það, eins og áður er ávikið, sje áskilið, að viðskipti þessi skuli ákveðin með sjerstöðum samningi, er það ætlun ráðgjafans, að honum beri ekki að ganga þegjandi fram hjá ályktun þeirri, er gjörð var í lok umræðanna á alþingi um ástæður fyrir því, að taka fyrir næsta mál á dagskránni (motiveret dagsorden), og mun hún eptir röksemdaleiðslu þingmanns þess, er bar upp fyrirspurnina, einkanlega, ef ekki eingöngu, hafa haft tillit til saltfisksverzlunarinnar. Hjer ber því að taka fram, að það er næsta erfitt að sjá, hvað sá, er spurninguna bar fram, hefir ætlazt til, að náð yrði í þessu tilliti með samningnum, eða í hverju jafnrjetti það við Danmörku á að vera fólgið, sem skorað er á landsstjórnina að annast um með tilliti til verzlunarviðskipta Íslands við Spán, þar eð verndartollur sá, sem áður fyrri lá á saltfisksflutningum til Spánar, og sem kom fram að nokkru leyti sem auka-gjald (surtaxe) hinu spánska merki í hag, á skipum með útlendum merkjum er fluttu að fisk, og að nokkru leyti var tollur á óbeinlínis flutningum, þeim löndum í óhag, er fluttu að fisk, sem þau ekki sjálf höfðu verkað (differentialetold) — þegar var numinn úr lögum, þá er samningurinn frá 8. sept. 1872 var undirskrifaður og þar sem samkvæmt hinni spönsku tollskrá, er nú er í gildi, einungis ber að greiða almennan aðflutningstoll 17½ pezeta (francs) af 100 kilos af lverskonar hertum og söltuðum fiski, hvort sem hann kemur beinlínis eða óbeinlínis frá þeim stað, er hann hefir verið verkaður á, og án tillits til þess, hvort hann er aðfluttur á spönskum eða útlendum skipum, og myndi það

Hinn 31. desember 1879.

189 7. nóv. án efa vera alveg árangurslaust að reyna til að fá þann toll af numinn eða lækkaðan. Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, finnur ráðgjafinn ekki næga ástæðu til, að hlutast til um það, að samningurinn milli Danmerkur og Spánar verði tekinn inn í A deild stjórnartíðindanna, aptur á móti er því skotið til yðar, herra landshöfðingi, hvort þjer með tilliti til þeirra ákvarðana í honum, sem Ísland snerta, viljið taka hann ásamt efninu úr þessu brjefi inn í B deild nefndra tíðinda.

Samningur¹

189 um verzlun og siglingar milli Danmerkur og Spánar.

Hans hátign konungurinn yfir Danmörk og hans hátign konungurinn yfir Spán, sem báðir eru gagnteknir af þeirri ósk að efla og tryggja verzlunarsamgöngur millum ríkja sinna, hafa ásett sjer að gjöra samning um verzlun og siglingar, og hafa í því skyni kjörið fyrir umboðsmenn sína:

Hans hátign konungurinn yfir Danmörk herra Otto Ditlev barún Rosenörn-Lehn kommandör af dannebrogen og dannebrogsman, stórkross hinnar spönsku orðu Ísabellu hinnar katólsku o. fl. utanríkisráðgjafa konungs og hirðmann (chambellan); og hans hátign Spánarkonungur herra Jóseph Courtoys d'Anduaga, stórkross af orðu Ísabellu hinnar katólsku og riddara af orðu Carls hins þriðja, kommandör af heiðursfylkingunni o. fl. aukasendihera og ráðgjafa með fullu umboði Spánarkonungs hjá hátignunum konunginum yfir Danmörku og konunginum yfir Svíþjóð og Norvegi, og hafa þeir orðið á eitt sáttir um eptirfylgjandi atriði, eptir að þeir höfðu skýrt hvor öðrum frá umboðsbrjefum sínum, sem voru álitin gild og góð.

1. grein.

Siglinga- og verzlunarfrelsi skal vera af beggja hálfu milli konungaríkjanna Danmerkur og Spánar, og ekki skal leggja neins konar toll eða önnur gjöld á jarðarafurðir eða iðnaðarvörur þessara ríkja (les produits du sol ou de l'industrie des pays respectifs), þegar þær eru fluttar að eða út úr öðru ríkinu til annars, hvort heldur er sjóveg eða landveg, hvorki annarskonar toll eða hærri en þann, sem hvílir á þessum vörum, er þær eru fluttar að frá hverju öðru ríki, sem er, eða út til þess.

Sjerhvor ríkisstjórn skuldbindur sig til, að því er snertir verzlun og siglingar, að veita engum þegni nokkurs annars ríkis nokkurt einkaleyfi, ívilnun eða undanþágu án þess jafnframt að láta slíkt ná til siglinga og verzlunar hins ríkisins.

Allir þegnar samningsgjörandanna skulu hver um sig njóta fulls trúarbragðafrelsis, þegar þeir eru innan takmarka hins ríkisins, samkvæmt lögum viðkomandi ríkja.

2. grein.

Af öllum þeim iðnaðarvörum svo og af öllum þeim jarðarafurðum, sem frá hvorju þessu ríki fyrir sig og sjerhverju öðru ríki, samkvæmt lögum má flytja að eða leggja upp í hinu ríkinu, skal greiða hin sömu gjöld; svo skulu og í þessu efni hin sömu einkarjettindi veitast á báðar hliðar, og skiptir það engu, frá hvorju ríkinu skip þau eru, sem vörurnar eru fluttar inn á eða lagðar upp af (déposées ou emmagasinées). Allar þær afurðir, sem frá hvorju ríkinu fyrir sig lögum samkvæmt má útflytja eða apturflytja til hvers þess staðar, sem vera skal, skulu njóta hinna sömu einkarjettinda, hinnar sömu ívilnunar, lækkunar og undanþágu, og skiptir það engu úr hvorju af þessum báðum ríkjum skip þau eru, sem vörurnar eru útflyttar eða apturflyttar á.

3. grein.

Vörur, sem á skipum úr öðru hvoru ríkinu eru fluttar inn á spánskar eða

1) Auglýstur á frönsku og dönsku 20. jan. 1879 í „Lovtidende for Kongeriget Danmark“.

danskar hafnir má leggja þar upp, flytja inn eða útflytja allt eptir hinni almennu lög- gjöf, sem bæði ríkin hafa út af fyrir sig um þetta efni, án þess þó að önnur eða hærri gjöld þurfi af þeim að greiða, svo sem t. a. m. vörubirgðagjald, pakkhúsleigu, umsjónar- gjald (des droits d' entrepôt, de magasinage, de surveillance) eða neitt þess konar, hverju nafni sem nefnist, heldur en þau gjöld, sem greidd eru af vörum, er fluttar eru inn á eigin skipum hlutaðeigandi ríkis.

Þó verður að taka það fram, að af vörum þeim, sem ætlaðar eru til eyðslu í land- inu sjálfu, verður að greiða toll samkvæmt tollreglunum.

4. grein.

Allar þær vörutegundir, sem annaðhvort eru fluttar frá eða fluttar til þeirra staða, sem liggja innan endimarka annarshvors ríkjanna, skulu innan endimarka hins ríkisins vera undanþegnar hverskonar yfirflutningstolli (droit de transit), þannig að hinna gildandi laga þó sje gætt.

Bæði ríkin hafa heitið hvort öðru, að í öllu, sem snertir flutning yfir land ríkis- ins (transit), eigi hvort þeirra að njóta hjá hinu slíkrar meðferðar og þjóð sú, er mest er ívilnað, nýtur.

5. grein.

Dönsk skip, sem koma á spánskar hafnir, og að hinu leytinu spönsk skip, sem koma á danskar hafnir, skulu í viðkomandi ríkjum, þegar þau koma, meðan þau liggja þar og þegar þau fara þaðan aptur, njóta sömu meðferðar og landsins eigin skip í öllu, sem lýtur að skipagjöldum, hafnsögu og hafnargjaldi, vita og sóttvarnargjaldi eða öðrum þesskonar gjöldum, hverju nafni sem nefnast, og stendur það á sama, hvaðan þau skip koma eða hvert þau eiga að fara, og hvort sem þau eru fermd af vörum eða hafa aðra seglfestu. Að því er snertir landfestar skipa og hleðslu í höfnum og á skipalegum, í inn- höfnum og hafnakvímum, og hvað viðvíkur öllum formum og ákvörðunum, sem verzlunar- skip, skipshafnir á þeim og hleðsla geta verið háðar, þá er það samþykkt, að engin einka- rjettindi eða blynnindi veitist skipum, sem sigla undir merki annars þeirra ríkja, sem samning þennan semja, nema svo, að þau einnig sjeu veitt skipum hins ríkisins, með því það er beggja semjanda fullur vilji, að skip beggja skuli einnig í þessu tilliti eiga fullkomið jafnrjetti.

6. grein.

Hvað strandsiglingar snertir, skulu öll skip beggja semjanda í höfnum hins njóta hinna sömu einkarjettinda, sem þeirrar þjóðar skip, er mest er ívilnað. Öll þau skip beggja semjanda, sem koma á hafnir annars hvors, og sem kynnu að vilja afferma þar nokkurn hluta af farmi sínum, geta, svo framarlega sem þau hlýðnast lögum og tilskip- unum viðkomanda ríkis, haldið þeim hluta farmsins eptir, sem kynni að vera ætlaður til að flytja á aðra höfn, annaðhvort í sama ríki eða öðru, og flytja þann hluta burt aptur, án þess að vera neydd til að greiða önnur eða hærri gjöld, en þau skip greiða í líkum kring- umstöðum, sem sigla undir merki ríkisins sjálfs. Svo er það og ákveðið, að hinum sömu skipum skuli heimilt að byrja að ferma sig á einni höfn, halda síðan áfram með það á annari eða öðrum höfnum í sama landi og alferma sig þannig, án þess að þurfa að borga önnur gjöld en innanríkisskip.

7. grein.

Sjerhvert danskt eða spanskt skip, sem af því, að því liggur við strandi er neytt til að leita hafnar einhverstaðar í Danmörku eða á Spáni, skal undanþegið hvers konar hafnar- eða sjóferðagjaldi, sem nú eða eptirleidis ber að gjalda sem tekjur fyrir ríkið;

189 Þó verða ástæður þær, sem hafa knúð skipið til að leita hafnar, að vera góðar og gildar, og einnig er gengið út frá því, að skipið, meðan það er á höfninni, ekki fáið neitt við verzlunarstörf.

Þegar svo kemur fyrir, skal eigi talið sem verzlunarstarf, þótt skipið sje affermt og aptur fermt til þess að viðgjörð skipsins verði framkvæmd; heldur eigi þótt farmur skipsins, ef það eigi er sjófert, sje fluttur í annað skip, nje heldur hin nauðsynlegu útgjöld í þarfir skipshafnarinnar eða sala hinna strönduðu muna, ef hlutaðeigandi tollstjórn gefur heimild til þessa.

Strandi danskt skip við strendur Spánar eða spanskt skip við strendur Danmerkur, skal það þegar gefið til vitundar ræðismanni (consul) hlutaðeigandi þjóðar, svo að skipstjórinn eigi hægra með að koma skipinu aptur á flot, með umsjón og aðstoð hlutaðeigandi yfirvalds.

Ef skip brotnar í spón, eða skipshöfnin yfirgefur það, ber yfirvaldinu að koma sjer saman við ræðismanninn um það, hvað af skuli ráða, til að gæta hagsmuna allra, meðan verið er að bjarga skipsflekunum og farminum, þangað til eigendurnir eða umboðsmenn þeirra koma á staðinn.

Af vörum þeim, sem bjargað er, ber ekki að svara neinum tolli, nema þeim sje eytt þar í landinu. Að því er snertir gjöld og kostnað við björgun og geymslu á skips-skrokknum og farminum, má fara með hið strandaða skip, eins og það væri eitt af landsins eigin skipum, er eins stæði á fyrir.

8. grein.

Allir þegnar annars samnings gjöranda skulu í ríki hins njóta hinna sömu einkarjettinda og hinnar sömu verndar sem innanríkismenn (nationaux) með tilliti til verk-smiðjumerkja, iðnaðaruppráttar og fyrirmynda.

9. grein.

Allir ræðismenn vararæðismenn og verzlunarfulltrúar (consuls généraux, consuls, vice consuls et agents commerciaux) samningsgjöranda skulu, að áskildum sömu rjettindum í viðkomandi ríkjum, njóta hinna sömu einkaleyfa og vera jafn rjettháir, sem þær þjóðir, er mest er ívilnað, en ef nefndir ræðismenn eða fulltrúar vilja gefa sig við verzlunar eða iðnaðarfyrirtækjum, verða þeir háðir hinum sömu lögum og venjum, sem þeir samlandar þeirra, er þar eiga heima, og eru valdalausir menn (particuliers).

10. grein.

Sjómannanna þeirra, er heyra til herskipaliði annars hvors samnings-gjöranda, og hlaupa á burt í löndum hins, skal ef hlutaðeigandi ræðismenn eða fulltrúar fara þess á leit við hlutaðeigandi yfirvöld, og svo framarlega sem þeir eru ekki þegnar ríkis þess, þar sem þeir hafa hlaupið burt, leitað, og þeir handsamaðir og fluttir aptur út á skip þeirra, eptir að brot þeirra hefir verið sannað, eins og vera ber. En ef strokumaðurinn hefir framið nokkurt lagabrot í landi, munu hlutaðeigandi yfirvöld fresta því að framselja hann, þangað til dómur sá, er hlut á að máli, hefir eptir góða og tilhlýðilega málsmeðferð dæmt lagabrotið, og dómurinn verið framkvæmdur.

11. grein.

Hvorirtveggja skulu viðurkenna og taka gilt þjóðerni skipanna eptir hinum sjerstöku lögum og tilskipunum hvors ríkis, samkvæmt skírteinum þeim og skipaskjölum, sem skipstjórum og formönnum (capitaines et patrons) hafa verið afhent af hlutaðeigandi yfirvöldum. Í því skyni munu samnings-gjörendur sem fyrst að verða má, afhenda hvor

öðrum þessi ýmsu skjöl með skuldbindingu um að gjöra hvor öðrum kunnugar þær breyt- **189**
ingar, sem hvor um sig kynni að finna ástæðu til að gjöra á þeim síðar meir.

12. grein.

Með því sjerstök lög gilda og ganga í nýlendum og útlöndum (dépenses) samnings-gjöranda, eru þau ekki innifalin í hinum framanskriðna samningi.

Samt sem áður skulu þegnar samnings-gjöranda njóta þar (y jouiront) með tilliti til verzlunar og siglinga sinna, með tilliti til skipa og tollgjalda, hvort þeir eru heldur komandi eða farandi, og með tilliti til afgreiðslu skipa og vara hinna sömu rjettinda, einkaleyfa, undanþága, ívilnana og undantekninga, sem eru eða verða veittar þeirri þjóð, sem mest er ívilnað.

13. grein.

Samningur þessi hættir að gilda og ganga ári eftir, að annar hvor samnings-gjörandi hefir sagt hann sjer af höndum (dénoncé) eða óskað að hann væri endurskoðaður.

14. grein.

Samningur þenna skal staðfesta og staðfestingarnar skulu afhentar í Kaupmanna-höfn innan fjöggra mánaða eða fyr, ef verða má¹. Til staðfestingar samningsins hafa hlut-adeigandi umboðssmenn undirskrið hann í tvennu lagi, og innsiglað hann með merkis-innsiglum sínum.

Gjört í Kaupmannahöfn, 8. sept. 1872.

O. D. Rosenörn-Lehn. *J. Courtoys d'Anduaga.*

(L. S.)

(L. S.)

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám hins íslenska* **190**
styrktarsjóðs. — Þjónustusamlega sendi jeg yður, herra landshöfðingi, hjer með **7. nóv.**
nokkur sjerstök exemplör af fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, sem staðfest voru af hans hátign konunginum 24. f. m. (stjórnartíð. A 58 bls.), sem og af athugasemdun-um við frumvarpið til fjárlaganna sumpart handa sjálfum yður til afnota, sumpart til útbýtingar meðal hlutadeigandi embættismanna, og vil jeg mælast til þess, að þjer hlutizt til um greiðslu á launum o. fl., samkvæmt reglum þeim, sem í þessu tilliti standa.

Í sambandi við þetta læt jeg ekki dragast að tjá yður til þóknanlegrar leið-beiningar, að með því að jeg varð að vera samþykkur skoðun þeirri, sem herra lands-höfðinginn hefir látið í ljósi í þóknanlegu brjefi frá 30. ágúst síðastl. um, að til þess að nema úr gildi konungsúrskurð frá 23. júlí 1844, er stofnaði hinn íslenska styrktar-sjóð, yrði að útvega sjerstakan konungsúrskurð, hefir samþykkis konungs verið leitað í máli þessu, og hefir hans hátign síðan 24. f. m. allramildilegast fallizt á, að styrktar-sjóður Íslands, sem stofnaður var með konungsúrskurði 25. júlí 1844, sje af numinn frá 1. janúar næstkomandi, sem og, að eigur sjóðs þessa frá sama tíma sjeu lagðar í viðlagasjóð hins íslenska landssjóðs.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gjalddaga afhend-* **191**
ingargjalds í dánarbúi. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað brjef **7. nóv.**
sýslumannsins í Húnavatnssýslu, þar sem hann spyr, hvort 200 kr. afhendingargjald, er

1) Staðfestingin fór ekki fram fyr en 21. des. 1878. og var þá um leið ákveðið, að þó frestur sá, sem tiltekinn hafði verið fyrir staðfestingunni, væri útrunninn, skyldi þetta ekki á neinn hátt vera því til fyrirstöðu, að hinar ýmsu ákvarðanir samningsins fengu framkvæmd.